

Stjórnarfundur Þyts miðvikudaginn 18. maí 2021

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson (APS), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Árni Áskelsson (ÁÁ), Jóhann Tryggvi Jónsson (JTJ).

Fundargerð ritaði: MBP

Hófst: 20:00.

Fundi slitið: 22:15

1. Greiða atkvæði um fundargerðir 28.04.2021.
 - a. Fundargerð samþykkt.
2. Skipa nýjan gjaldkera.
 - a. Hulda Stefanía Hólm hefur sagt sig frá starfi gjaldkera af heilsufarsástæðum.
 - b. MP lagði til að APS núverandi varaformaður tæki að sér störf gjaldkera. Ríkharður Ólafsson meðstjórnandi taki sæti varaformanns í stjórn.
 - c. APS óskar eftir umhugsunarfresti.
3. Samningar við ÍTH vegna Vinnuskólans.
 - a. Drög að breyttum þjónustusamningi Hafnarfjarðarbæjar/Vinnuskóla Hafnafjarðar við Þyt voru rædd. Ákvörðun tekin að bíða niðurstöðu fundar MP formanni Þyts við Íþróttta og tólmstundanefnd Hafnarfjarðar.
4. Staða kynningarefnis fyrir 2021.
 - a. Friðrik kom inn á fund og ræddi kynningarmál. Minnti á mikilvægi þess að dreifa plaggötum með skipulögðum hætti þannig að upplýsingar dreifist sem víðast. Lagði til að efst í Facebook hópum birtist dagskrá alltaf efst. Friðrik vakti athygli á mikilvægi þess að bæta viðmót á heimasíðu. Friðrik yfirgaf fund.
5. Staðan á viðhaldi báta:
 - a. Gæslubátar þarfnast viðhalds. Einn með gangtruflanir, annar fastur í gír, beðið eftir viðgerðarmanni. gerðarmanni. Tveir nothæfir gæslubátar, annar í góðu standi en ennþá erfiðleikar með pylsu á hinum bátnum.
 - b. Topperar í fínu standi, viðhald á Wayfarer gengur vel. Unnið í viðgerð Costco Kayakum, erfitt að finna hentuga leið til viðgerða, helst illa..
6. 6. bekkjar boðið
 - a. 6. bekkja boðið gengur vel, nemendur með sérþarfir njóta þess að vera á sínum forsendum að kynna sér starfið, keilan er mjög góð leið til að vekja áhuga.
7. Setja inn upplýsingar í Felix fyrir 2020 og skila gögnum til ÍTH (Markús, Hulda)
 - a. Færa ársreikning í liði inn í Felix og keyra
8. Önnur mál.
 - a. Ræddar leiðir til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að starfinu t.d. með bryggju rampi og lyftubúnaði fyrir hjálpartæki.